

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Alþingi
101 Reykjavík

12.1.2021
2020-12-58/0.11.1

Efni: Umsögn um þingsályktun um græna atvinnubyltingu, þskj. 452 360. mál

Vísað er til erindis efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um græna atvinnubyltingu, 360. mál. Í þingsályktunartillögunni er lagt til að fela ríkisstjórninni að grípa m.a. til aðgerða varðandi metnaðarfullri loftslagsmarkmið, hröðun orkuskipta og uppbyggingu iðngarða til að fjölga störfum, örva eftirspurn og styðja við loftslagsvæna verðmætasköpun á Íslandi. Slík markmið eru metnaðarfull og mikilvæg bæði fyrir hag íslensks samfélags og eins á alþjóðavísu. Aðgerðir á þessum sviðum geta kallað á styrkingu flutningskerfisins og haft áhrif á flutningskerfi raforku. Landsnet hefur því á undanförmum árum unnið að styrkingu flutningskerfis raforku með orkuskipti sem eina af forsendum uppbyggingaráætlana sinna. Landsnet þakkar fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um þingsályktunartillöguna og vill koma eftirfarandi á framfæri.

Metnaðarfullri loftslagsmarkmið

Ákall er um metnaðarfullri loftslagsmarkmið. Landsnet tekur undir þörfina á metnaðarfullum loftslagsmarkmiðum og bendir jafnframt á að ein áhrifaríkasta lausnin er aukin og bætt nýting innlendra endurnýjanlegra orkugjafa í stað jarðefnaeldsneytis. Við uppbyggingu flutningskerfis raforku er m.a. horft til stefnu stjórnvalda sem birtist í þingsályktun um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku. Metnaðarfullri loftslagsmarkmið kunna að setja aukinn þrýsting á framkvæmdir í flutningskerfinu en mikilvægt er að slík markmið skili sér inn í stefnu um uppbyggingu flutningskerfisins. Landsnet bendir mikilvægi aðgengis að innlendra grænni orku í orkuskiptunum og mun leggja sitt að mörkum til að uppbygging og þróun raforkuflutningskerfisins styðji vel við áætlanir um orkuskipti.

Hröðun orkuskipta

Greiningar sem unnar hafa verið að frumkvæði Samorku hafa sýnt fram á að ekki sé raunhæft að tala um kolefnishlutlaust Ísland nemi til komi framleiðsla á innlendu rafeldsneyti, en aftur á móti til að ná fram sem bestri nýtni út úr raforku eru rafhlöður besta mögulega tækni sem til er í dag. Til að mynda er heildarraforkunotkun farartækja sem knúin eru af vetni allt að þrisvar sinnum hærri en farartækja sem knúin eru rafhlöðum ef vetnið er unnið með rafgreiningu. En hvernig sem þróunin verður mun þurfa framleiðslu á vistvænni raforku í nægilegu magni og eins að fullnægjandi raforkuinnviðir sé til staðar með nægilega afkastagetu til að hægt sé að tengja nýjar orkuframleiðslueiningar ásamt því að flytja orkuna á þá staði sem hentugt er að framleiða slíkt eldsneyti eða hlaða rafhlöður. Markmið Landsnets er að áætlanir félagsins styðji við þróunina í orkuskiptum. Í eftirfarandi texta er að finna undirstrikaðar þær breytingar sem Landsnet leggur til á 4. lið þingsályktunartillögunnar:

Landsnet styður tillögur um að ráðist verði í markvissar aðgerðir til að hraða orkuskiptum á láði og legi. Stutt verði við uppbyggingu rafhleðslustöðva um allt land með það fyrir augum að nýskráningu bensín- og dísilbíla verði hætt frá og með árinu 2025. Flutnings- og dreifikerfi rafmagns verði styrkt svo að kerfið standi undir auknu álagi, meðal annars vegna rafvæðingar hafna, framleiðslu á innlendu rafeldsneyti og til að mögulegt sé að tengja nýja framleiðslu endurnýjanlegrar orku við raforkukerfið, enda sé slíkt grunnforsenda þess að hægt sé að skipta út innfluttu jarðefnaeldsneyti fyrir innlenda endurnýjanlega orkugjafa. Framlög til Orkusjóðs verði tvöfölduð til að styðja við kaup á vistvænum tækjum, bæði vegna iðnaðar og samgangna á landi og í skipum og haftengdri starfsemi.

Uppbygging iðngarða

Í þingsályktunartillögunni er lagt til að skipaður verði starfshópur um skipulega uppbyggingu iðngarða á Íslandi og að hafist verði handa við breytingar á lögum, regluverki og leyfiskerfum til að liðka fyrir slíki

starfsemi. Ákvæði raforkulaga tengd fjölnýtingu auðlindastrauma eru ófullkomin og þarfnast endurskoðunar. Mikilvægt er að regluverkið sé gagnsæ og skýrt að því er varðar skipulag þessara mála og réttarstöðu. Ljóst má vera að úbætur á þessu sviði munu hjálpa hagaðilum í þróun nýrra atvinnutækifæra og einnig gera Landsnet, og aðra sem byggja og reka innviði, skilvirkari og fljótari í viðbrögðum sínum.

Stórsókn í nýsköpun og þróun

Nýsköpun og þróun skipta miklu máli í tengslum við uppbyggingu og rekstur flutningskerfis raforku þar sem rannsóknir og greiningar eru undirstaðan. Því eru á hverjum tíma í gangi margvísleg nýsköpunarverkefni á vegum Landsnets. Breytingar og tækniframfarir kalla á heildstæð stefna og bætt regluverk til að hvetja til að breytingar séu innleiddar. Landsnet styður því að nýsköpun og þróun sé gefið aukið vægi sem mun til lengri tíma gera lausnir og vinnubrögð bæði öryggari og betri.

Landsnet bendir á mikilvægi samkeppnishæfni innlendra orkugjafa gagnvart mengandi orkugjöfum. Slík samkeppnishæfni næst með virkum, gagnsæjum orkumarkaði, sem styður jafnframt við markmið um þátttöku borgara í orkuskiptum og tryggir bætt nýtingu á orkuinnviðum. Landsnet telur því lykilatriði í grænni iðnbyltingu að stefnt verði á gagnsæjan raforkumarkað sem hluta af grænni atvinnubyltingu.

Virðingarfyllst,



Guðjón Axel Guðjónsson, lögræðingur Landsnets hf.